

AÐALFUNDARBOÐ

Aðalfundur KFH verður mánudaginn **29. október kl. 17:15** að Háaleitisbraut 58-60. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf. Hugvekju flytur Álfheiður Árnadóttir, hjúkrunarfræðingur. Í fundarlok verður boðið upp á súpu og brauð á vægu verði. Félagsfólk er hvatt til að fjölmenna á aðalfundinn.

Félagsfundir KFH veturinn 2012-2013

í Kristniðssalnum Háaleitisbraut 58-60 kl. 17:15 – 19:00.

Súpa og brauð í lok funda.

Umfjöllunarefni í vetur: Vægi andlegrar og trúarlegrar þjónustu í velferðarþjónustu

Mánudagur 29. október. Aðalfundur. Venjuleg aðalfundarstörf. Hugvekju flytur Álfheiður Árnadóttir hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir.

Mánudagur 26. nóvember. Erindi og hugvekju flytur biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir.

Mánudagur 28. janúar. Erindi: Lára Björnsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar. Hugvekju flytur Guðrún Dóra Guðmannsdóttir, hjúkrunarfræðingur í öldrunarþjónustu Landspítala.

Mánudagur 25. febrúar. Erindi: Gísli Páll Gíslason, forstjóri á hjúkrunarheimilinu Mörk og formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu. Hugvekju flytur Svanhildur Blöndal, prestur hjá Hrafnistu dvalar- og hjúkrunarheimili aldraðra sjómanna.

Mánudagur 25. mars. Erindi: Tómas Guðbjartsson yfirlæknir á Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands. Hugvekju flytur Sigrún Gunnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og lektor við Háskóla Íslands.

Mánudagur 29. apríl. Kristniðsfundur. Guðrún Margrét Pálsdóttir formaður ABC segir frá starfi ABC barnahjálparinnar í fjölmörgum löndum og flytur hugvekju.

Tímarit KFH

Næsta tölublað KFH kemur út í árslok og er sent til félagsfólks og dreift á heilbrigðisstofnanir.

Stjórn KFH haustið 2012

Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, formaður, gudlauga@kfh.is
Anna Ólafía Sigurðardóttir, varaformaður, annaolafia@kfh.is
Sigrún Gunnarsdóttir, ritari, sigrun@kfh.is
Bergþóra Baldursdóttir, gjaldkeri, bergthora@kfh.is
Jón Jóhannsson, meðstjórnandi, jon@kfh.is
Álfheiður Árnadóttir, meðstjórnandi, alfheidur@kfh.is
Margrét Hróbiartsdóttir, meðstjórnandi, sími: 587 6788

Kristilegt félag heilbrigðisstétta



Fréttir

Október 2012

Áb: séra Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir

*Pitt orð er lampi fóta minna og ljós á vegi mínum.
Sálm. 119, v. 105*

Bænastundir KFH á þriðjudögum í vetur

Bænastundir félagsins í vetur eru haldnar á heimilum Ólafíu Lárusdóttur, Sæviðarsundi 8 og Kari Eiríksdóttur, Kleppsvegi 142. Þátttakendur eru velkomnir kl. 16:30 en bænastundirnar eru frá kl. 17:00-18:00. Bænarefnum má koma á framfæri við Margréti Hróbjartsdóttur hs. 587 6788 og gsm. 865 4020.

Tækifæris – og minningarkort KFH

Félagið hefur hafið sölu á tækifæris- og minningarkortum. Ágóði af sölu þeirra rennur til Styrktarsjóðs KFH. Um fjórar mismunandi tegundir er að ræða. Ljósmyndir sem prýða framhlið kortanna eru teknar af listamanninum Kristjáni Frímanni Kristjánssyni og áhugaljósmyndurunum Braga J. Ingibergssyni og Hannesi Agnarssyni Johnson. Ritningatextar eru innan á framhlið kortanna. Um fjórar mismunandi tegundir er að ræða. Kaupa má kort á félagsfundum og panta á heimasíðunni: www.kfh.is

Hefur þú hug á að styrkja starf KFH?

Styrktarsjóður KFH sem stofnaður var í minningu Vigdísar Magnúsdóttur, styrkir þau málefni sem eru í anda félagsins og í samræmi við lög þess. Markmið félagsins hefur jafnan verið að styðja og efla andlega og trúarlega þjónustu, sálgæslu innan heilbrigðisþjónustunnar og að stuðla að fræðslu fyrir heilbrigðisstarfsfólk um málefni er varða andlegar og trúarlegar þarfir manneskjunnar. Leggja má bein framlög inn á Styrktarsjóðinn. Reikningsnúmer: 0301-13-300201. Kt: 6602820769. Vinsamlega merkið: „almennur styrkur“.

Frá formanni

Kæru félagssystkin!

Enn og aftur göngum við til nýs starfsárs í KFH. Það er alltaf ákveðin eftirvænting fólgin í því að koma saman eftir sumarmánuðina. Á haustin byrjar starfið aftur með sínum reglulega og taktvissa hætti sem skiptir oft svo miklu máli fyrir okkur í daglega lífinu. KFH hefur ætíð lagt áherslu á gildi þess að koma saman til að rækta kristið samfélag þar sem fram fer trúarleg uppbygging og fræðsla um ýmis málefni sem snerta trú og heilbrigðisþjónustu. Bænastarf félagsins hefur jafnframt verið ein af grundvallarstoðum þess frá upphafi þar sem beðið er fyrir félaginu, félagsfólki og önnur fyrirbænaefni lögð fram. Tímaritið okkar er óðum að öðlast fastan sess og okkur hefur tekist að gefa tímaritið út að jafnaði einu sinni á ári eftir að endurútgáfa þess hófst árið 2008.

Á síðasta starfsári varð breyting á tilhögun og skipulagi félagsfunda KFH. Ákveðið var að leita nýrra leiða til að sjá hvort starfið gæti eflst enn frekar og þróast í samræmi við breytta samfélagsgerð. Fundatíminn varð annar og boðið var upp á súpu á vægu verði í lok hvers fundar þar sem tækifæri gafst til að efla tengsl og ræða málin en sá þáttur hefur ætíð haft mikið vægi á fundum hjá KFH. Það er skemmst frá því að segja að fundirnir tókust mjög vel og var almenn ánægja með breytta fundatilhögun og því verður haldið áfram með þessa nýbreytni á komandi starfsári. Fundirnir verða haldnir sem fyrr á Háaleitisbraut 58-60, síðasta mánudag í hverjum mánuði og hefjast kl. **17:15**. Þeir byrja með aðalfundi í október og standa fram í apríllök.

Á þessu starfsári höldum við áfram þaðan sem frá var horfið. Fundirnir eru tileinkaðir umfjöllun um vægi andlegrar og trúarlegrar þjónustu út frá fagþekkingu og starfssviði þeirra sem um efnið fjalla hverju sinni. Leitað hefur verið til fagfólks innan heilbrigðis- og velferðarþjónustunnar en hugleiðingar verða bæði í höndum félagsfólks og gesta.

Það verður ánægjulegt að hittast á ný og eiga góðar og uppbyggilegar samverustundir. Stjórn KFH hlakkar til samfélagsins við ykkur í vetur og hvetur ykkur hvert og eitt að sækja félagsfundina, kynna þá sem víðast og bjóða með ykkur gestum.

Fyrir hönd stjórnar KFH,
Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, formaður